



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Þróun kórsins

Greinagerð starfshóps varðandi húsnæði í kjallara Kórsins

Dags. 28. janúar 2022



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	3
Skipan starfshóps	3
Forsendur	3
Forsaga og rýmisþörf	4
Hörðuvallaskóli	4
Kúlan	5
Bókasafn og menningarmiðstöð	7
Vinna starfshóps	8
Úrvinnsla	8
Niðurstaða	8
Kjallari Kórsins	8
Efri hæð Kórsins	8
Fylgiskjöl	8



Inngangur

Á fundi bæjarráðs þann 4. maí 2021 var lagt til að stofnaður yrði starfshópur vegna undirbúnings og ákvarðana um þróun á húsnæði Kórsins við Vallakór, nánar til tekið húsrými í kjallara Kórsins. Kjallari Kórsins hefur til þessa ekki verið í notkun, en ákveðið var að standsetja hann til að geta nýtt það rými og möguleika sem kjallarinn býður upp á. Áður en hönnun á rýminu getur hafist þarf framtíðar notkun á húsnæði Vallakórs að liggja fyrir.

Markmið

Starfshópnum var falið að greina stöðu á húsnæði Kórsins og að vera ráðgefandi við bærastjórn um þróun á húsnæðis kjallara Kórsins. Markmið hópsins eru að leggja mat á:

- þarfir Hörðuvallaskóla varðandi fjölgun á kennslustofum
- þarfir félagsmiðstöðvarinnar Kúlunnar
- þarfir og þróun menningarmiðstöðvar og bókasafns í efri byggðum Kópavogs
- leiðir til að styrkja enn frekar við tækifæri barna til tónlistarnáms innan hverfis og í efri byggðum Kópavogs.

Skipan starfshóps

Eftirfarandi aðilar skipa starfshópinn:

Ármann Kr. Ólafsson bærastjóri, formaður
Birkir Jón Jónsson bærarfulltrúi
Karen Elísabet Halldórsdóttir bærarfulltrúi
Pétur Hrafn Sigurðsson bærarfulltrúi
Einar Örn Þorvarðarson bærarfulltrúi
Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs
Anna Birna Snæbjörnsdóttir sviðsstjóri menntasviðs
Soffía Karlsdóttir forstöðumaður menningarmála
Þórunn Jónasdóttir skólastjóri Hörðuvallaskóla
Bjarki Sigurjónsson forstöðumaður Kúlunnar
Lísa Zachrison Valdimarsdóttir forstöðumaður bókasafns Kópavogs
Hanna Carla Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri HK
Marta Sigurjónsdóttir fulltrúi foreldra
Áslaug Ella Bjarnadóttir fulltrúi nemenda
Nína Baldursdóttir verkefnastjóri umhverfissviðs, starfsmaður hópsins.

Forsendur

Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum munu fjölmennir árgangar færast úr húsnæði Hörðuvallaskóla við Baugakór upp í Vallarkór. Nemendum mun því fjölga í Vallarkór á næstu árum þó áætlað sé að heildarnemendafjöldi skólans standi í stað. Með þessari fjölgun telja allir árgangar í Vallarkór í kringum 100 nemendur. Skólann mun því vanta tvö kennslurými auk fjölnota rýmis fyrir skólaárið 2022/23. Einnig skortir rými fyrir m.a. vinnuaðstöðu kennara, stuðning við nemendur og sérfræðinga skólapijónustu.

Félagsmiðstöðin Kúlan þarfnast einnig rýmis innan Vallakórs sem hentar starfseminni jafnt í dagopnun og kvöldopnun auk sérstakra viðburða og möguleika til skapandi vinnu og sértæks hópastarfs.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að Bókasafn og menningarmiðstöð opni útibú í efri byggðum þar sem lögð er áhersla á að skapa líflega miðstöð menningar og bókasafns í Vallarkór.



Forsaga og rýmisþörf

Hörðuvallaskóli

Hörðuvallaskóli var hannaður sem 500 barna skóli fyrir 1.-10. bekk. Nemendum skólans hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og nam mest rúmlega 900 nemendum. Á síðustu tveimur árum hefur nemendum fækkað og eru í dag 862. Fjölmennustu árgangar skólans færast á næstu árum frá Baugakór yfir í Vallarkór, sem fyrr segir og þarf að mæta þeirri þróun með stækkun skólarýmis.

Skólinn er með aðstöðu fyrir yngsta stig og miðstig í Baugakór og unglingastig er til húsa í Vallakór. Á unglingastigi eru í dag 243 nemendur sem skiptast í 10 umsjónarhópa. Strax á næsta skólaári (2022/23) fjölgar nemendum á því stigi þannig að umsjónarhópar verða 11 og skólaári seinna (2023/24) fjölgar enn og fyrirséð er að hóparnir verða 12.

Til nánari skýringa er umsjónarhópur sá hópur sem hver kennari hefur umsjón með eða u.þ.b. 25 nemendum. Á næsta ári verða í 8. og 9. bekk um 100 nemendum sem skiptast í fjóra umsjónarhópa en 10. bekkur verður fámennari. Skólaárið 2022 -2023 verða allir árgangar í fjórum umsjónarhópum. Nemendum er jafnframt skipt í vinnuhópa þvert á umsjónarhópa innan árganga og þá getur fimmti kennarinn komið inn, fer það eftir samsetningu hópa og fjölda í árgangi.

Fjöldi kennara í Vallakór næsta skólaár verða um 20 auk þess sem íþróttakennarar eru staðsettir í Vallarkór og þeir eru 6. Annað starfsfólk í Vallakór er um 10 manns. Það eru því um 35 manns í Vallarkórnum dag hvern á komandi skólaári.

	21-22	22-23	23-24	24-25	25-26	26-27	27-28	28-29	29-30	30-31	31-32
10.árg	71	70	102	93	101	102	92	93	79	95	93
9.árg	70	102	93	101	102	92	93	79	95	93	68
8.árg	102	93	101	102	92	93	79	95	93	68	82
Heildarfjöldi	243	265	296	296	295	287	264	267	267	256	243
Vinnuhópar	11 vh.	12 vh.	13 vh.	13 vh.	13 vh.	12 vh.	12 vh.	12 vh.	12 vh.		
Umsjónarhópar	10 umsj.	11 umsj.	12 umsj.	12 umsj.	12 umsj.	12 umsj.	12 umsj.	12 umsj.	12 umsj.	11 umsj.	11 umsj.

Tafla 1. Framtíðarspá fyrir Vallakór 2021-2031 miðað við íbúaspár.

Húsnæðið í Baugakór er notað fyrir list- og verkgreinakennslu unglingastigs (smíði, textíl, heimilisfræði, myndmennt, tónmennt og leiklist) þar sem engar stofur til þeirrar kennslu eru til umráða í Vallakór.

Hörðuvallaskóli nýtir í dag öll þau rými sem völ er á til kennslu í Vallarkór, m.a. er gott samstarf við íþróttafélagið HK um samnýtingu rýmis/veislusalár sem félagið hefur til afnota fyrir félagsstarf. Til að koma til móts við þarfir skólans þarf að fjölga um tvö kennslurými og eitt fjölnota rými fyrir skólaárið 2022/23. Árið eftir, 2023/24, er þörf á einu kennslurými til viðbótar. Skólinn óskar eftir því að kennslurými/stofur verði samliggjandi til að skapa sem heildstæðast skólastarf og menningu á vinnustaðnum. Árgangarnir vinna oftast í stórum umsjónarhópum sem svo er skipt upp í minni vinnuhópa og þeim dreift um rýmið. Í fjölnota rými þyrfti að vera möguleiki á að að vinna verklega vinnu, til dæmis aðstaða til að saga án vélar, mála og sauma. Tækifæri felast í því að samnýta fjölnota rými með félagsmiðstöð og bókasafni/menningarmiðstöð.



Kúlan

Kúlan er félagsmiðstöð Hörðuvallaskóla og skipuleggur starf fyrir miðstig og unglingastig. Opnanir fyrir miðstig eru tvö kvöld í mánuði. Fyrir unglingastig er Kúlan opin í hádegishléum alla virka daga og er þá yfirleitt mjög góð mæting. Síðdegisopnun er kl. 14:00-16:00 mánudag til fimmtudags. Kúlan býður unglingum upp á kvöldopnanir alla mánudaga og miðvikudaga til kl 22:00 og annan hvern föstudag til kl 23:00. Á kvöldin á mánudögum/miðvikudögum mæta almennt um 80 nemendur og á föstudögum um 180 nemendur.

Kúlan hefur eina skólastofu til umráða í Vallakór þar sem unglingastig er til húsa, en aðalstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar fer fram í Baugakór þar sem Kúlan er með eina litla stofu auk þess að vera með aðgang að sal og miðrymi. Starfsmenn Kúlunnar byrja því daginn í Vallakór í hádegishléinu og eru þar til kl 16, en færa svo starfsemi unglingastigs yfir í Baugakór við kvöldopnanir. Í starfi félagsmiðstöðvar er lögð áhersla á að ná til þeirra unglinga sem taka almennt lítinn þátt í samskiptum innan skólans og eru félagslega einangraðir af einhverjum ástæðum. Það er erfitt að ná þessum unglingum yfir í Baugakór og mikilvægt að húsnaði félagsmiðstöðvar sé rúmt og gott innan Vallarkórs og aðalstarfsemin fari þar fram. Þannig aukast líkur á að ná til þeirra nemenda sem þurfa sérstaka hvatningu og taka m.a. þátt í sértæku hópastarfi Kúlunnar.

Til að nálgast framtíðar rýmisþörf Kúlunnar hefur tafla 2 hér að neðan, þar sem þau grundvallarrými sem félagsmiðstöð ætti að hafa, verið skoðuð til hliðsjónar af þörfum Kúlunnar.


Tegund rýmis	Stærð m ²	Afmarkað sérrými	Hægt að samnýta	Útskýring
Setustofa	30-40	X		Staður þar sem unglingarnir geta komið og spjallað saman við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar, staður til afslöppunar.
Tómstundarherbergi/ spilaherbergi	10-20	X		Staður sem hefur ákveðið félagslegt gildi: leikur og samskipti. Afþreying og skemmtun fyrir unglingana. Möguleiki á námskeiðum og keppnum.
Starfsmannaaðstaða og skrifstofa fyrir starfsmenn	25-30	X		Æskilegt að skrifstofan sé tengd öðru rými sem félagsmiðstöðin hefur til afnota. Skrifstofan sé þannig búin að þar sé hægt að ræða viðkvæm mál, bæði við starfsfólk, unglinga og foreldra.
Anddyri	10-15		X	Aðstaða fyrir útiskó og yfirhafnir.
Eldhús	10-20		X	Aðstaða þar sem hópar geta eldað saman eða verið með matreiðslunámskeið.
Fjölnota salur	100		X	Hægt að dansa, fara í leiki, vera með sýningar, fræðslu o.s.frv.
Íþróttasalur			X	Félagsmiðstöð hefur afnot að íþróttasal sem er ekki langt frá félagsmiðstöð.
Smiðjuherbergi	20-40		X	Aðstaða fyrir sköpun og listir.
Tölvuver	10-20		X	Rými þar sem unglingarnir komast í nettengdar tölvur.
Salerni/snyrtiaðstaða			X	Aðgang að salernum skv. Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.



Geymslur			X	Geymslur fyrir borð, stóla, leiktæki, svið, borðtennisborð og önnur leiktæki.
Útisvæði			X	Aðgangur að leiksvæði skóla eða öðru góðu útivistarsvæði.
Samtals rými		65-90	150-195	

Tafla 2. Rýmisgreining.

Nemendur á unglingastigi skólans hafa einnig fundað um hvernig félagsmiðstöð þau vilja fá og hvað þeim finnst vanta inn í aðstöðuna í dag, sjá mynd 1.



Mynd 1. Óskir nemenda varðandi félagsmiðstöð.

Á fundi unglinga var mikil áhersla lögð á að fá herbergi/aðstöðu þar sem hægt er að vera með læti og hlaupa um, en einnig að hægt væri að komast í rólegt rými til að lesa, læra og taka því rólega.



Bókasafn og menningarmiðstöð

Bókasafn Kópavogs er staðsett á tveimur stöðum í bænum, í Hamraborg og í Lindaskóla. Bærinn hefur hins vegar vaxið mikið undanfarin ár og áratugi og dreifst hefur verulega úr byggðinni, sjá töflu 3, og því er mikill vilji til að stofna útibú í efri byggðum.

Póstnúmer:	Fjöldi íbúa :	Hlutfall :
200	19.612	50,7%
201	9.866	25,5%
203	9.233	23,9%
	38.711	

Tafla 3. Fjöldi íbúa eftir pósthúsnúmeri þann 19. október 2021.

Áhersla er lögð á að bæta aðgengi Kópavogsbúa sem búa í efri byggðum bæjarins að bókasafni og menningu. Út frá yfirlitum Landskerfis bókasafna má greina að íbúar efri byggða, í pósthúsnúmeri 203, taka síður bækur að láni en íbúar í hverfum 200 og 201. Leikskólar og skólar í efri byggðum gera sér ekki ferð á bókasöfnin í sama mæli og þeir leikskólar/skólar sem eru nær. Í þjónustukönnun sem Bókasafn Kópavogs framkvæmir á ári hverju kemur einnig skýrt fram að þátttakendur könnunarinnar telja brýnast að opnað sé nýtt bókasafn í hverfi 203.

Bókasafn Kópavogs er eitt af menningarhúsum bæjarins sem mynda s.k. „Menningartorfu“ ásamt Salnum, Gerðasafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Lengi hefur verið rætt um að opna útibú frá bókasafninu í efri byggðum með fjölbreyttari starfsemi en hefðbundið er og yrði því um eins konar menningar- eða félagsmiðstöð að ræða. Jafnframt er horft til þess að gestir safnsins gætu tekið þátt í svokölluðum smíðjum og skapað þar sína eigin list í samræmi við „makers space“ hugmyndafræði líkt og tíðkast víða á bókasöfnum á Norðurlöndunum í dag. Tækifæri felast í samstarfi við félagsmiðstöð og skóla í þeirri vinnu og þjónustu. Áhersla verður jafnframt á að veita fjölskyldufólki og eldri borgurum þjónustu og búa til miðstöð þar sem huggulegt er að setjast niður og nýta sér þjónustu.

Þarfagreining hefur farið fram þar sem framtíðarrými menningarmiðstöðvar hefur verið skilgreint. Rýmisþörf snýst annars vegar að eigin rými og hins vegar að rými sem gæti verið sameiginlegt með annarri starfsemi, sjá töflu 4.

Tegund rýmis	Stærð m ²	Afmarkað sérrými	Hægt að samnýta	Útskýring
Almenn deild og afgreiðsla	250	X		
Barna- og fjölskyldudeild	100	X		
Lesaðstaða	30	X		
Vinnurými, skrifstofa og starfsmannaaðstaða	50	X		
Geymsla	20	X		
Fundarherbergi	20		X	
Fjölnota salur	60		X	
Makers space	50		X	
Setusvæði/kósýhorn	40		X	
Kaffistofa	12		X	
Salerni/snyrtiaðstaða			X	
Samtals rými		450	182	

Tafla 4. Rýmisgreining fyrir menningarhús í efri byggðum.



Vinna starfshóps

Úrvinnsla

Starfshópur hefur farið í gegnum fjölda tillagna varðandi kjallara Kórsins og mikil umræða hefur átt sér stað um hvernig best sé að nýta rýmið þannig að öll starfsemi í húsinu njóti góðs af. Starfshópnum varð ljóst að til að komast að niðurstöðu varðandi kjallara Kórsins þyrfti einnig að kortleggja og greina rýmin á efri hæð Kórsins. Á efri hæð Kórsins er í dag að finna starfsemi unglingastigs Hörðuvallaskóla og Kúlunnar eins og lýst er hér að ofan, auk íþróttastarfssemi HK og skrifstofurými þeirra. Til að nýta húsið sem best fyrir þá starfsemi sem þar fer fram er nauðsynlegt að fara í breytingar á rýmum á efri hæð Kórsins.

Niðurstaða

Niðurstaða starfshóps er að möguleikar á samnýtingu eru milli skóla, félagsmiðstöðvar, menningarstarfsemi og íþróttar. Með því að samnýta húsnæði er hægt að bjóða upp á þjónustu sem nær til breiðs hóps íbúa. Ef skóli og félagsmiðstöð færa hluta starfsemi sinnar í nýtt rými í kjallara Kórsins skapast aukið svigrúm til fjölbreyttari samnýtingar á efri hæð. Breytingin yrði mikill ávinningur fyrir íbúa í efri byggðum Kópavogsbæjar og skapar tækifæri til fjölbreyttari þjónustu.

Kjallari Kórsins

Lagt er til að unglingastig Hörðuvallaskóla og félagsmiðstöðin Kúlan nýti kjallara Kórsins fyrir sína starfsemi, sjá uppskiptingu rýmis í fylgiskjali 2. Umhverfissvið Kópavogsbæjar mun ljúka við hönnun á kjallara Kórsins og bjóða út verkframkvæmd.

Efri hæð Kórsins

Lagt er til að á efri hæð Kórsins verði sér- og samnýtanleg rými fyrir unglingastig Hörðuvallaskóla og menningarhús ásamt starfsaðstöðu HK. Greina þarf betur flæði hverrar starfsemi ásamt því að fullkanna rýmisþörf og samnýtingu á húsnæðinu í samráði við hlutaðeigandi. Umhverfissvið Kópavogsbæjar mun því leita eftir sérfræðiþjónustu þar sem þessi atriði verða metin og greind. Fundargerðir verða skráðar um samráðsferlið og sendar á fulltrúa stýrihópsins og hlutaðeigandi. Sjá yfirlitsmynd af efri hæð Kórsins í fylgiskjali 1.

Fylgiskjöl

1. Efri hæð Kórsins – núverandi aðstæður
2. Kjallari Kórsins – verðandi aðstæður